

GJALDSKRÁ

Norðurorku hf. fyrir fráveitu

1. gr.

Almennt.

Norðurorka hf. er í eigu sex sveitarfélaga á Norðurlandi eystra. Gjaldskrá þessi gildir fyrir fráveitu á starfssvæði Norðurorku hf. sem nær til Akureyrarbæjar og þéttbýlis við Lónsbakka í Hörgársveit. Á gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari leggjast önnur gjöld samkvæmt gildandi lögum og reglum á hverjum tíma eftir því sem við á.

2. gr.

Fráveitugjald

Gerð húsnæðis	Fastagjald kr./matseiningu	Fermetragjald kr./m²/ár
Íbúðarhúsnæði	17.333	409,53
Annað húsnæði en íbúðarhúsnæði	17.333	409,53

Heimilt er að innheimta fráveitugjald af öllum fasteignum þar sem tenging er fyrir hendi við mörk fasteignar. Fráveitugjald samanstendur af fastagjaldi á hverja matseiningu og fermetragjaldi eftir stærð samkvæmt fasteignamati. Heimilt er að reiknað sé af flatarmáli allra mannvirkja á fasteign. Bílskúrar og sambærilegt húsnæði sem stendur við íbúðarhús (á sömu lóð) er undanþegin fastagjaldi.

Fráveitugjöld eru innheimt með fasteignagjöldum og eru undanþegin virðisaukaskatti.

3. gr.

Aukagjald vegna mengunar.

Heimilt er að innheimta sérstakt aukagjald ef frárennsli tiltekins gjaldskylds aðila er svo mengað að það leiði til sérstakra aðgerða fráveitunnar, svo sem sértækrar hreinsunar eða breytinga í kerfinu. Er þá innheimtur raunkostnaður sem hlýst af viðkomandi aðgerð.

4. gr.

Tengigjald.

Þvermál fráveitu 110-150 mm (innanmál lagnar)	Kr./lóð
Sérbýli	462.561
2 til 5 íbúðir	559.896
6 til 12 íbúðir	657.230
13 til 20 íbúðir	754.565
> 20 íbúðir	851.900
Frístundahús (sérbýli)	508.817

Tengigjald er innheimt vegna tengingar við fráveitukerfið og er fyrst gjaldkræft við úthlutun lóðar sem er í eigu sveitarfélags eða það hefur ráðstöfunarrétt á og við útgáfu byggingarleyfis á öðrum lóðum.

Tengigjald er miðað við tvöfalda 110-150 mm tengingu við lóðarmörk og fyrstu tengingu inn á lóð. Lóðarhafar greiða raunkostnað fyrir stærri tengingar, aðra eða fleiri en eina tengingu og breytingar á tengingu sem lóðarhafi óskar eftir, sé slíkt samþykkt.

Fyrir stakar lóðir, þar sem tenging er ekki til staðar, t.d. vegna þéttingar byggðar, greiðir lóðarhafi raunkostnað af nýrri tengingu við virkt fráveitukerfi.

Tengigjald fráveitu er undanþegið virðisaukaskatti.

5. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af stjórn Norðurorku hf., er sett samkvæmt 15. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna, nr. 9/2009, og reglugerð um fráveitur sveitarfélaga, nr. 982/2010. Gjaldskráin öðlast gildi 1. janúar 2026.

Akureyri, 16. desember 2025.

F.h. Norðurorku hf.,

Eyþór Björnsson forstjóri.

B deild - Útgáfudagur: 19. desember 2025